


MONITOR



**FRÍTT
EINTAK**

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

OG HVAÐ

LOKAPARTY

laugardaginn 7.sept

Á Gamla Gauknum

húsið opnar 22:00

OG HVAÐ og BAM MARGERA

sýna nýtt og áður óséð efni

FRÍTT INN



burn®

Monitor óskar **Agnesi** til hamingju með giftinguna en samt bara í litla letrinu.



AGNES WILD

Fyrstu sex: 101089
Í morgunmat borðaði ég: Kimkoku með skinku og osti.
Draumahlutverkið mitt er: Tracy Turnblad í Hairspray.
Lag sem er lýsandi fyrir líf mitt þessa stundina er: „Love and Marriage“ með Frank Sinatra af því ég er að fara að gifta mig og það er það sem allt snýst um í augnablikinu.

Mýnd/Stýrmir Kári

Þjóst alls ekki við því að vinna

Agnes Wild er nýútskrifuð úr leiklistarskóla og hefur þegar unnið til verðlauna fyrir leikritið Play For September á Edinburgh Fringe Festival.

„Hátíðin er í rauninni opin fyrir hvern sem er svo það er alveg slatti af „drasl“-leikhúsi þarna en einnig mikið af frábærum uppsetningum,“ segir Agnes Wild sem vann til NSDF-verðlaunanna á Edinburgh Fringe Festival ásamt skólasystkinum sínum úr leiklistarskólanum East 15. NSDF stendur fyrir National Student Drama Festival en það eru samtök nýútskrifaðra leikara og leikhópa í Bretlandi og í ár sóttu alls 80 leikhópar um verðlaunin. „Við komumst í lokaúrtak 15 leikhópa og vorum boðin á verðlaunaathöfn á næstíðasta kvöldi hátíðarinnar,“ segir Agnes. „Ég þjóst alls ekki við því að vinna og var búin að vera að draga rosalega mikið úr stelpunum þegar það var tilkynnt að í ár yrðu tveir sigurvegjar. Þau gátu bara ekki gert upp á milli okkar og annars hóps úr sama skóla,“ segir Agnes og hlær. „Við vorum verstu vinningshafar sem til eru af því að við vorum svo glöð að deila þessu með vinum okkar. Þau byrjuðu að óskra og við byrjuðum að óskra og

svo hugsaði maður ekkert fyrr en eftir á út í hina sem unnu ekki.“ Agnes segir viðurkenninguna skipta mestu máli auk þess sem nú hafi þeim boðist að setja sýninguna upp í London en hún vonast jafnframt til þess að geta sett hana upp á Íslandi í framtíðinni.

Munur á leikriti og alvöru

„Í fyrstu var mjög erfitt að fá fólk til að koma að sjá sýninguna af því að það eru auðvitað 3000 sýningar í boði á hátíðinni,“ segir Agnes en hún dreifði auglýsingum fyrir sýninguna ásamt vinkonum sínum á götum úti. „Eftir svona tvær vikur vorum við farin að vekja meira umtal og þegar Lyn Gardner, leikhúsgagnrýnandi fyrir The Guardian, skrifaði um okkur á blogginu sínu og Twitter þá fór allt á fulla ferð,“ segir Agnes glöð í bragði en hún segir efni leikritsins eiga mjög vel við í dag.

„Leikritið er byggt á reynslu handritshöfundarins af því þegar besta vinkona hennar byrjaði

með enskukennaranum þeirra, slíkt hefur verið mikið í umræðunni í Bretlandi undanfarið eftir að ung stúlka fór með kennaranum sínum til Frakklands. Við reyndum að láta kennarann ekki líta út fyrir að vera skrimslí heldur bara venjulegan mann enda væri það of ódýr lausn að gera hann að einföldum dónakalli,“ segir Agnes sem kveður þá nálgun hafa vakið mikla athygli. „Stúlkan sem skrifaði handritið fór fyrir rétt fyrir nokkrum mánuðum til að bera vitni gegn honum. Þetta er auðvitað rosalega tilfinningaþrungin en maður verður að muna að verkið okkar er leikrit og hitt er alvaran,“ segir Agnes ákveðin. Agnes er með ýmislegt á þróunum áður en hún heldur aftur til London en í vikunni gengur hún að eiga unnusta sinn og í september kemur út barnaljóðabók eftir hana sem ber titilinn Súrsæt skrimslí. „Þó við ætlum að búa úti er ég alltaf með annan fótni hérna heima,“ segir Agnes. „En við ætlum að gefa leikhópnum séns í eitt tvö ár og sjá hvað gerist.“

- BLAÐIÐ Í TÖLUM**
- 9** vikur var Emiliana Torrini á toppi þýska vinsældarlistans
 - 4** Mosfellingar skípa hljómsveitina Kaleo
 - 25** þúsund krónur kostar eitt gramm af MDMA.
 - 2** létust á Electric Zoo hátíðinni.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Anna Mersibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is), Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is), Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Arvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Stýrmir Kári (stýrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Arvakur **Prentun:** Landsprent Sími: 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Ekki vera strútur

Mér hefur aldrei verið boðið að kaupa fíkniefni. Kannski er það útlitið, kannski er það fásið eða kannski er það bara hrein og bein heppni.

Ég vil auðvitað trúa því að ég hefði neitað fíkniefnum harðlega hefðu mér verið boðin þau þegar ég var óharðnaður unglingur en ég er bara alls ekki viss.

Í fyrsta skipti sem mér var boðið áfengi sagði ég „Nei,“ strangri röddu með svip á andlitinu sem gaf til kynna að spurningin misbyði mér stórlega. Þá sagði einhver „kommooon“ svo ég yppti óxlu og tók sopa. Það var þá allur viljastyrkurinn.

Í blaðinu í dag má finna umfjöllun um fíkniefnið MDMA sem í daglegu tali er nefnt Mollý. Mollý er ekki sómastúlka þó svo að áhrif hennar kunni að virðast heillandi en eins og

segir í umfjölluninni er ástæða fyrir því að fíkniefni nefnast einnig eiturlyf.

Svo afhverju erum við að einu sinni að ræða þessa Mollý? Ættum við ekki bara að leyfa lögreglunni að eiga við dópistana sem selja og neyta slíkra lyfja?

Við eigum ekki að stinga höfðinu í sandinn. Margir, ef ekki flestir, neytendur Mollý eru ekki auðnuleysingjar og aumingjar heldur afar eðlilegt fólk eins og ég og þú. Eiturlyf þarf að ræða til þess að gera okkur auðveldara að hafna þeim þegar á hólminn er komið. Fyrstu atlögu Monitor að þeirri umræðu finnur þú á síðum 20 og 21.

Anna Marsý



MÆLIR MEÐ...

FYRIR HLÁTURMILDA

Hinn umdeildi grínisti Pablo Francisco kemur fram í Hörpu í lok október en umdeildir brandarar hans hafa gert hann að einum vinsælasta grínista heims. Miðasala á uppistand kappans „Live and Kickin“ er þegar hafin á midi.is og nú fer hver að verða síðastur að krækja sér í miða á þessa drepfyndnu kvöldstund.



FYRIR TAKTFASTA

Nýsjálenska söngkonan Lorde var uppgötvuð af Sony aðeins 12 ára gömul og nú fimm árum síðar er hún tekin til við að töfra heimsbyggðina upp úr skónum. Monitor mælir sérstaklega með lögnum „Royals“ og „Tennis Court“.



FYRIR GJAFMILDA

„Klárur málið“ er yfirskrift áttaks UNICEF og Te & Kaffis sem hefst formlega í dag. Af hverjum seldum drykk í september gefur Te & Kaffi andvirði einnar bóluasetningar gegn mænu-sótt en einnig er hægt að styrkja málstaðinn með því að senda sms-íð „stopp“ í númerið 1900.



VIKAN Á FACEBOOK



Finnur Kolbeinsson Karlmennta glataðist á 12. tímanum í kvöld í sal 1 í kringlubíó á sýningunni The Conjuring. Látið vita í afgreiðslu ef þið finnið hana. 3. september kl. 02:00



Hugleikur Dagsson Al-gengt komment á DV.is: „er þetta frétt?“. Svar: Já. Þú

gerðir það að frétt. Þú smelltir á fréttina og kommentaðir. Þú gerðir fréttina meira lesna. Þú ert vandamálið. 2. september kl. 14:17



Marta María Jónasdóttir Mín andlega fjarvera hefur náð nýjum hæðum.

Nú er ég komin með Appið My Fitness Pal, sem gengur út á að skrá niður hreyfingu og át. Með Appinu getur maður eignast nýja vini og nú var ein að „adda“ mér sem er búin að léttast um 1 kíló síðan hún hlóð Appinu niður. Þetta er náttúrulega eitthvað sem kona eins og ég verður að vita um fólk ... Mér er skapi næst að segja það sama og Benedikt Erlingsson sagði í gær í viðtali við Smartland: „Ég er fáviti“.

4. september kl. 15:17



BJÓR, VODKA OG VISKÝ ER MEÐAL ÞESS SEM HEFUR VERIÐ BRAGÐBÆTT MEÐ BEIKONI. BEIKON BLOODY MARY OG BEIKONTÍNÍ ERU MEÐAL VINSÆLLA BEIKONKOKTEILA.



Í BANDARÍKJUNUM ER 70% ALLS BEIKONS BORDAÐ Í MORGUNMAT, 11% Í HÁDEGISMAT, 17% Í KVÖLDMAT OG 2% SEM SNARL.

Í BRESKRI NETKÖNNUN FRÁ 2009 SAGÐIST MEIRIHLUTI KARLMANNA HRIFNARI AF BEIKONLYKT EN LYKTINNI AF UNGABARNI. Í ANNARRI KÖNNUN SEM MAPLE LEAF FOODS FRAMKVÆMDI SÖGÐUST 43% AÐSPURÐRA KUNNA BETUR AÐ META BEIKON EN KYNLÍF.



Á HVERJU ÁRI ERU INNBYRT VEL YFIR 770 MILLJÓN KÍLÓ AF BEIKONI Á VEITINGASTÖÐUM BANDARÍKJANNA.



Beikon er eins og ástin

Reykjavík beikon festival verður uppfullt af gleði, ást og beikoni.

FYRSTA BEIKONILMVATNIÐ VAR HANNAÐ AF SLÁTRARANUM JOHN FARGGINAY Í PARÍS ÁRIÐ 1920.

Hið árlega Reykjavík beikon festival fer fram þann 7. september á Skóla-vörðustíg en hátíðinni er ætlað að fagna öllu sem viðkemur beikoni. Tónlistarfólk mun leika beikon-innblásna tóna og kokkar munu töfra fram beikon-innblásna sælkerarétti. Monitor tók saman nokkrar skemmtilegar staðreyndir um beikon til að koma lesendum í rétta girinn fyrir hátíðina en aðstandendur hennar vilja meina að beikon sé eins og ástin; nokkuð sem allir þrú, og allir eiga skilið.




3. SEPTEMBER ER ALÞJÓÐLEGI BEIKONDAGURINN.



ÚR 90 KÍLÓA GRÍS MÁ BÚA TIL UM NÍU KÍLÓ AF BEIKONI.



OSCAR MAYER FÉKK EINKALEYFI FYRIR PÖKKUÐU BEIKONI Í SNEIÐUM ÁRIÐ 1924.



ÞAÐ ER TIL BRJÓSTMYND AF KEVIN BACON GERÐ ÚR BEIKONI.



DÝRLINGURINN ANTÓNÍUS ÁBÓTI ER DÝRLINGUR SVÍNA, SVÍNAHÍRÐA OG SLÁTRARA Í KAPÓLSKRI TRÚ. HANN HEFUR ÞVÍ GJARNAN VERIÐ NEFNDUR VERNDARDÝRLINGUR BEIKONS.



STÆRSTA BEIKON Í HEIMI VAR 150,5 KÍLÓA PANCETTA SEM BÚIN VAR TIL Á ÍTALÍU Í TÍLEFNI AF PANCETTA HÁTÍÐ SEM FRAM FÓR Í BÆNUM PONTE DELL'OLIO Í JÚNÍ ÁRIÐ 2002.



KÍNVERJAR BJUGGU TIL FYRSTA BEIKONIÐ 1500 F.KR.

19% ALLS SVÍNAKJÖTS SEM NEYTT ER Á HEIMILUM FÓLKS ER BEIKON.



BEIKON INNIHELDUR KÓLÍN SEM HJÁLPAR TIL VIÐ FÓSTURÞROSKA. ÞESS VEGNA HAFU ÓLÉTTAR KONUR SÉRLEGA GÓÐA AFSÖKUN FYRIR AÐ ÚÐA Í SIG BEIKONI.



DANIR NEYTA MEST SVÍNAKJÖTS Á MANN AF ÖLLUM ÞJÓÐUM HEIMS.



SLAKE 'N BACON ERU TEIKNIMYNDNAOFURHETJUR SEM LEIKA EFTIR ÆVINTÝRI ANNARRA FRÆGRA OFURHETJA. ÞEIR ERU EINS OG NAFNIÐ BENDIR TIL, SNÁKUR OG BEIKON LENGJA.



FÓLK YFIR 34 ÁRA ALDRI NEYTIR LANGT UM MEIRA BEIKONS AÐ MEÐALTALI EN YNGRA FÓLK.



SAGAN SEGIR AÐ ELVIS PRESLEY HAFI EINU SINNI STOKKID UM BORD Í EINKAFLUGVÉLINA SÍNA KLUKKAN EITT UM NÓTT TIL AÐ FÁ SÉR HINN VIÐFRÆGA GLÓPAGULLSHLEIF Á VEITINGASTAÐNUM COLORADO MINE COMPANY Í DENVER. HLEIFURINN SÁ ER Fylltur með KRUKKU AF HNETUSMJÖRI, KRUKKU AF VÍNBERJASULTU OG HÁLFU KÍLÓI AF BEIKONI.

Óumdeildir gæðayfirburðir Samsung*

SAMSUNG

*Sjá nánar súlurit og umfjöllun hér að neðan.

Ativ Book 9 Lite

NP905S3G-K01SE


Töff hönnun.

1,4 kg. og 8 klst. rafhlöðuending.

Frábær tölva fyrir fólk á ferðinni.

- Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
- Örgjörvi: Quad-Core Processor (up to 1.4GHz)
- Skjákort: AMD Radeon™ HD 8250 Graphics
- Skjár: 13.3" HD LED Display (1366 x 768), Anti-Reflective
- Vinnsluminni: 4GB DDR3L
- Harður diskur: 128GB SSD

Verð: 159.900 kr.



AÐEINS 1.4 kg.



Ativ Book 7

NP730U3E-X01SE

Æðislegur skjár með 1920x1080 upplausn og öflugt skjákort. Getur ekki klikkað.

- Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
- Örgjörvi: Intel® Core™ i5 Processor
- Skjákort: AMD Radeon™ HD 8570M gDDR3 1GB
- Skjár: 13" FHD Anti-Reflective
- Vinnsluminni: 4 GB DDR3
- Harður diskur: 128 GB SSD

Verð: 219.900 kr

0% vextir
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!
*9.9% lántökugjald



Ativ Book 6

NP670Z5E-X01SE

Það er ekki í boði að bíða.

Frábært afl, nóg pláss og flottir hátalarar.

- Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
- Örgjörvi: Intel® Core™ i5 Processor 3230M
- Skjákort: AMD Radeon™ HD 8850M gDDR3 2GB
- Skjár: 15,6" Anti-Reflective
- Vinnsluminni: 8 GB DDR3 System Memory at 1600 MHz
- Harður diskur: 1TB

Verð: 199.900 kr



Ativ Book 2


NP275E5E-K01SE

Ódýr og hagkvæm tölva fyrir skólafólk. Flottur skjár og glæsileg hönnun.

- Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
- Örgjörvi: AMD E-Series
- Skjákort: AMD Radeon HD 7340
- Skjár: 15,6"
- Vinnsluminni: 4GB
- Harður diskur: 500 GB

Verð: 79.900

Gæðayfirburðir Samsung fartölva



Samsung tölvur eru áreiðanlegustu tölvur á markaðnum í dag og bila minnst.

Þetta kemur fram í áreiðanleikakönnun tölvuvíðhalds-fyrirtækisins RESCUECOM sem birt var á dögunum.

Samsung fékk 648 stig í könnuninni en þar kom fram að aðeins 0,7% Samsung tölva í Bandaríkjunum þurfti að þjónusta vegna bilana.

Asus var í öðru sæti með 332 stig og Lenovo/IBM í því þriðja með 228 stig. Aðrir framleiðendur fengu lægri einkunn.

HEIMILD:
Computer Reliability Report 2013 · WWW.RESCUECOM.COM

Samsung Sidesync

Samsung SideSync er innbyggt samskiptaforrit sem tengir Galaxy símann þinn við Ativ tölvu, þráðlaust eða í gegnum kapal og gerir þannig gagnaflutning mun einfaldari en áður. Hægt er að stjórna auðveldlega bæði Ativ tölvunni og Galaxy tækinu með því að nota lykilorð og mús tölvunnar í allar aðgerðir símans. Upplifðu sannarlega tengt og bægilegt líf með Samsung.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON **BT**

SKEIFUNNI 11 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 / GLERÁRTORGI · AKUREYRI

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 530 2870

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160


Að hugsa út fyrir kassann

Elisabeth Lind Matthíasdóttir kennir **Monitor** að betrubæta kökumix úr kassa svo úr verði ljúffengar bollakökur.

Elisabeth Lind Matthíasdóttir hefur fengið góð viðbrögð við blogginu elisabetlind.com sem hún hefur nú haldið úti í tæpt ár. Bloggið er kökublogg þar sem Elisabeth deilir einföldum uppskriftum og skreytingum. Þó svo að eldamenska hafi lengi heillað Elisabeth segir hún baksturinn tiltölulega nýtt áhugamál. „Ég hef alltaf verið virk í eldhúsinu, alveg síðan ég var litil en ég er nýlega farin að baka meira og skreyta. Það er í rauninni bara eitt og hálf ár síðan að ég byrjaði á því,“ segir Elisabeth. Hún ein fjölmargra Íslendinga sem hafa skellt sér á skreytinganámskeiði í kjölfar bollakökuæðisins sem enn heldur landsmönnum í heljargreipum. Elisabeth telur vinsældir bollakökunnar skýrast af smæð hennar. „Þær eru svo litlar og

það er þægilegt að borða þær. Hver og ein er líka svo einstök.“ Elisabeth viðurkennir þó að bollakökuæðið gæti haft áhrif á línurnar ef hún kysir að sitja ein að þeim. „Ég reyni að dreyfa þessu á mína nánustu en þessir næst mér eru hættilir að vilja bollakökur,“ segir Elisabeth og hlær. Vinir hennar og fjölskylda fá þó reglulega að smakka á nýjungum frá Elisabeth þar sem hún bakar helst ekki eftir uppskrift. „Það er svo gaman að prófa eitthvað nýtt og það hefur alltaf heppnast hingað til.“

Elisabeth hafði einmitt ekki prófað uppskriftina sem hér að neðan í sömu mynd. Uppskriftin að botninum er meðal vinsælustu færsla hennar á blogginu en þar notaði hún Nutella-krem. „Mér fannst þetta bara skemmtileg hugmynd.“



BOLLAKÖKURNAR HAFU SVO SANNARLEGA ÚTLITID MED SER



Blandið hráefnum vel saman

2



1

Blandið öllum hráefnum saman í skál og blandið síðan kökumixinu út í.



Fyllið bollakökuformin upp að miðju með deiginu.

3



Bakið í 20 til 24 mín. við 180 gráður á yfir/undir hita eða 160 með blæstri.

4



Kælið bollakökurnar og sprautið síðan kreminu á kökurnar.

8



Setjið krem í sprautupoka, hér nota ég stútinn 1M frá Wilton.

7



Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði.

5



Hrærið saman öll hráefnin áður en þið bætið súkkulaðinu út í. Hrærið aftur þar til kremið er ljóst og létt.

6

SÚKKULAÐI BOLLAKÖKUR MEÐ AFTER EIGHT KREMI

Innihald

1 kassi Betty Crocker - Devil's food cake
3 egg
80 ml olía
1 dósi 18% sýrður rjómi
110 ml mjólk
2 tsk vanilludropar
2 msk kakó

Krem

485 gr. flórsykur
150 gr. After Eight
50 ml. mjólk
75 gr. smjör við stofuhita.

BOOM!

**ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR**



ER MÁLIÐ!



HVERSDAGSDRESS

SKÓR: GS SKÓR
SOKKAR: TOPSHOP
BUXUR: DR. DENIM
BOLUR: WEEKDAY
SKYRТА/BLÚSSA: H&M
PEYSA: SECOND FEMALE
SKART: FRÁ HENDRIKKU WAAGE

EAKFAST.

HVERSDAGSDRESS

SKÓR: NIKE ROSHE RUN FRÁ URBAN OUTFITTERS
BUXUR, SKYRТА OG PEYSA: H&M
DERHÚFA: URBAN OUTFITTERS



Við fengum þessar bækur allar að gjöf þar sem við þykjum ferðasjúk. Við fórum til Asíu og Ástralíu árið 2010 í 3 mánuði og svo höfum við verið að fara hingað og þangað auk þess, nú síðast til Egyptalands í útskriftarferð hjá Álfhildi.



Það var í rauninni sama sagan með svefnherbergjó. Tókum út risaskáp til þess að mynda pláss og settum upp fataslá. Seinna ákváðum við að hækka slána og kaupa hillu undir fyrir fót og er fatahillan í raun bókahilla úr Rúmfó sem við snerum á hlið.

Fatafíknin fer og heimilið farið

Stíllinn skellti sér í heimsókn í Fossvoginn nú á dögunum þar sem **Álfhildur Pálsdóttir** og **Pétur Haukur Loftsson** láta fara vel um sig. Þau er með allt á hreinu hvað varðar stílhreint heimili og flott fataval!

Hvað eru Álfhildur og Pétur Haukur að bardúsa þessa dagana?

Við erum alltaf með nokkur járn í eldinum. Erum í skóla og vinnu, sauma slaufur, gera upp gamla íbúð sem við eignuðumst í fyrra, grínast fullt og hafa gaman saman.

Hvort eruð þið duglegri að kaupa hluti á heimilið eða flíkur í fataskápinn?

Við erum búin að vera frekar heppin og fá margt fallett inn á heimilið í gjafir en auðvitað er alltaf gaman að kaupa sér fallega hluti. Fatafíknin fer minnkandi með árunum og heimilið er farið að ganga fyrir.

Er smekkur ykkar svipaður þegar kemur að heimilinu eða er þetta eilíft stríð á milli tveggja ólíkra einstaklinga?

Það góða við okkur er að við höfum gríðarlegt jafnaðargeð og þess vegna eru allar ákvarðanir auðveldar. Að öllu grínu slepptu þá höfum við svipaðan smekk fyrir flestu sem kemur að útliti heimilisins. Það eru þessir einstöku hlutir sem lenda í smá stríði en sem betur fer er lítið um það.



Kommóðan sem blasir við öllum þeim sem koma í heimsókn var keypt í Góða hirðinum á litlar 5000 kr. Við ætluðum nú alltaf að taka okkur til og pússa hana og gera hana eins og nýja en það hefur ekki enn gerst. Það koma tímar, koma ráð. Kertastjakarnir eru frá Ittala og Helgo úr Epal.

Hverjar eru ykkar uppáhaldsverslanir fyrir heimilið annarsvegar og fataskápinn hinsvegar?

Heimilið:

Allt á milli himins og jarðar! Við erum með dót úr Tiger, Góða hirðinum, Söstrene Grene, Ikea, götumörkuðum og svo auðvitað Epal, Heimahúsinu og þessum finu búðum.

Fataskápurinn:


Við höfum einhvernveginn bæði meira gaman af því að rölta í búðum erlendis en hér heima og hafa borgir eins og Kaupmannahöfn orðið fyrir barðinu á okkur.

Hvar líður ykkur best á heimilinu?

Sófinn og rúmið koma sterkast inn, við verðum bara að viðurkenna að þetta fina eldhús hefur verið afskaplega lítið notað.

Hvar sjáið þið ykkur eftir 10 ár?

Við sjáum okkur lifandi lífinu með nokkur babies og hund búandi í einbýlishúsi í Skerjafirðinum eða bara í einhverju gríni að ferðast um heiminn.



Fatasláin er hugmynd frá okkur báðum. Við ákváðum að taka fataskáp í burtu sem var inni í forstofu til þess að láta þetta líta aðeins betur út þegar við fluttum fyrst hingað inn. Við skelltum okkur í Byko og fengum rör og keðju hjá þeim og svo hófst vinnan. Þetta tók enga stund og er búið að nýttast okkur svaka vel.



6

Hér er þetta fína eldhús sem var gert upp þegar við fluttum inn í íbúðina. Við höfum því miður ekki notað það eins og flestir gera en við borðum yfirleitt bara morgunmat hér og eldum af og til kvöldmat.

r minnkandi ð að ganga fyrir



7

Við fengum Eames-stólana í jóla- og afmælisgjöf frá báðum foreldrum okkar núna síðustu jól og höfum aldrei verið glaðari, algjör draumur í dós og snilld að sitja í þessum stólum! Borðið er úr Ikea og fannst okkur það passa vel við. Loftljósið keyptum við reyndar í Laos í Asíu og settum saman sjálf, það kemur rosa falleg birta af því.



8

ÁLFHILDUR

Fyrstu sex: 111289
Uppáhaldsflík: Nike Roshe Run, sérpantaðir frá Japan eins og ekkert sé eðlilegra! Monki blazerinn hefur líka verið í stanslausri notkun.
Stílnum þínum lýst í þremur orðum: Viður, kósý & casual.

PÉTUR HAUKUR

Fyrstu sex: 011287
Uppáhaldsflík: oXs skórnir, keyptir í 38 þrep.
Stílnum þínum lýst í þremur orðum: Viður að ofan, þröngur að neðan!

SPARIDRESS

SKÓR: OXS ÚR 38 ÞREP
BUXUR: SUIT FRÁ GK REYKJAVÍK
SKYRТА: SAMSOE & SAMSOE
BLAZER: GK REYKJAVÍK

SPARIDRESS

SKÓR: MIISTA
SOKKAR: TOPSHOP
SOKKABUXUR: OROBLU
KJÓLL: FOREVER 21

9



Þetta er ferðalagaveggurinn okkar sem þarfnast reyndar uppfærslu. Okkur finnst svaka gaman að setja saman myndir úr ferðalögum og við settum þessar falllegustu úr Asíureisunni okkar síðan 2010 upp á vegg. Sófinn er úr Tekk company, Le Corbusier-stólinn fengum við frá foreldrum Péturs, Notknot-púðinn er úr Epal og appelsínuguli púðinn og svarthvít-munstraði púðinn eru úr Urban Outfitters. Gæruna fékk ég í útskriftargjöf núna í vor og er hún frá merkinu Feldur. Gítarinn er svo hið finasta skraut þar sem að enginn kann að spila á hann nema gestir og gangandi. Hann kemur að góðum notum þegar við höldum partí sem gerist stundum.

Skalli

Sá svalasti í bænum

**Borgari, franskar,
gos og kokteilsósa**

1.790 kr.



Akureyringur

Nautakjöt, ostur,
tómatar, agúrkur,
jöklasalat, franskar
og hamborgarasósa

Indverji

Indverskt buff í grófu
naanbrauði, grillað
paprika, rauðlaukur,
jöklasalat, raita og
mangó chutney



Texasborgari

Nautakjöt,
laukhringir, nachos,
jöklasalat, salsa
og jalapenosósa



Stefnan er klárlega rokk og ról

Strákarnir í **Kaleo** komu sér rækilega á kortið í sumar með skemmtilegri útfærslu sinni á laginu *Vor í Vaglaskógi*. Nóg er á döfinni hjá sveitinni og stefna þeir á að gefa út sína fyrstu plötu fyrir jól. **Jökull Júlíusson** söngvari sveitarinnar ræddi við **Monitor** um upphafið í Mosó, Rússagigg úti í óbyggðum og söguna á bakvið nafnið.



Jökull Júlíusson segist alla tíð hafa verið alæta á tónlist og fór hann snemma að hlusta á klassískt rokk og ról. Hann byrjaði að spila cover-lög ásamt grunn-skólavinum úr Mosfellsbænum en það var aðeins fyrir tæpu ári síðan sem hljóm-sveitin Kaleo varð til í núverandi mynd.

Texti: Hersir Aron hersir@monitor.is
Myndir: Gollí gollí@mbl.is

Nú er tiltölulega stutt síðan þið komuð fram á sjónarsviðið, getur þú farið aðeins yfir ferlinn ykkar og hvernig þetta byrjaði allt saman?

Þetta á sér í rauninni nokkuð langa sögu. Ég, Davíð og Daníel höfum spilað saman alveg frá því við vorum saman í bekk í grunnskóla. Við byrjuðum á að stofna hljóm-sveit sem hét „St Peter the Leader“ og vorum þá að semja okkar eigið efni. Við tókum síðan þátt í Músíktílaunum árið 2009, það gekk ekkert frábærlega en það var samt fin reynsla að fá að spila í Gamla bíó og svona. Eftir þetta fórum svo frekar fljótt út í það að taka cover-gigg, það var meiri peningur í því og auðvitað snilld að fá auka vasapening á þessum árum. Við gerðum þetta í þónokkur ár, spiluðum hér og þar og tókum að okkur alls konar merkileg gigg.

Hvernig tónlist voruð þið þá að spila sem cover-hljóm-sveit?

Það var bara allur skalinn, við tókum alla flórana. Gamalt efni í bland við nýtt, allt frá Bítunum og upp í Rihönnu. Þannig náðum við að höfða til breiðs aldurshóps sama hvort við vorum að spila á pöbbum eða árshátíðum. Það kom samt að því að við fengum nóg af þessu og langaði að gera eitthvað frumsamið, okkar eigið. Fyrir rúmu ári síðan fórum við svo á fullt í að finna okkur aðra til að spila með. Það fór svo þannig að við vorum þrír, grunnurinn, og fengum Rubín Pollock á gítar.

Hvernig varð það úr að hann slóst í hópinn?

Við kynntumst honum bara í gegnum vinfólk okkar. Reyndar komst ég seinna að því að hann bjó á sama tíma og ég í Árósum í Danmörku og var með mér í árgangi í MS í 3 ár án þess að við nokkurn tímann þekktumst eða bonduðum neitt, sem er frekar myndin tilviljun.

Hver voru svo næstu skref?

Við stofnum þarna hljóm-sveit, Kaleo, en vorum reyndar fleiri til að byrja með. Við vorum bæði með saxófónleikara og selló og vorum svolítið villtir varðandi það hvað við vildum spila. Við Rubín keyptum okkur síðan báðir okkar fyrsta rafmagnsgítar og magnara og þá fór þetta svolítið að rúlla og við fórum að spila meira rokk og ról.

Nafnið Kaleo, hvernig kemur það til?

Það var mikið rætt um nýtt nafn á hljóm-sveitina fyrir Airwaves í fyrra og Dabbi endaði með því að stinga upp á nafninu Kaleo. Við gerum mikið grín að honum vegna þess að hann er getinn á Hawaii og orðið Kaleo þýðir „the sound“ á hawaii-ísku. Það spilar líklega eitthvað inn í hans hugmyndaflug að hann er getinn þar.

Hver voru síðan fyrstu skrefin hjá nýju bandi?

Við spiluðum þarna „off venue“ á Airwaves í fyrra. Við vorum upphaflega beðnir að spila cover, en tókum drastíska ákvörðun um að það væri bara komið nóg af því og tími til að spila frumsamið. Við vorum með 30 til 40 mínútna prógramm og spiluðum einhver fjögur off venue-gigg. Það var síðan bara skyndiákvörðun að taka þátt í Músíktílaunum, ég hafði ekki mikinn áhuga á því til að byrja með en svo sáum við ekki hvernig við gætum tapað neitt á því. Það reyndist nokkuð vel fyrir okkur og við fengum fina athygli, þó svo að Vor í Vaglaskógi hafi tvímæla-laust haft mest að segja.

Nú hefur Vor í Vaglaskóli einmitt fengið frábærar viðtökur í sumar, hvernig kom það til að þið stílfærðu þessa gömlu perlu?

Þabbi hafði alltaf haldið upp á þetta lag, sýnt mér það þegar ég var lítill. Ég þróaði síðan þessa útgáfu fyrir einu og hálfu ári síðan á kassagítar í svona „fingerpicking“-stíl. Ég lék mér með melóð-lúna þannig hún sveiflaðist aðeins til og lagið varð svolítið dramatískara þegar það var hægt niður í tempói. Upphaflega spilaði ég þetta og söng bara á kassagítarinn, ég gerði það meðal annars í stúdentsveislunni minni og fólk var að taka mjög vel í þetta. Við tókum þetta svo skrefinu lengra og útsettum, fengum sellóíð inn, bassann og bakródd. Síðan spilum við það fyrst þarna á Rás 2.

Þannig að lagið ykkar var í sjálfu sér uppgötvað á Rás 2?

Já, í rauninni, við fórum í Skúrinn á Rás 2 eftir músíktílaunir. Þeir höfðu séð okkur þar og vildu fá okkur í þáttinn. Við byrjuðum á að taka erfðasta lagið okkar sem er frekar rokkað og þurftum að spila það sex sinnum í gegn þannig að ég var bara orðinn nokkuð hásláttur eftir það. Við ákváðum að við þyrftum að taka eitt rólegt lag til að halda röddinni í lagi, þannig að við prófuðum bara Vor í Vaglaskógi. Þetta var þannig séð allt saman hálfgerð tilviljun.

Þú talaðir um að þabbi þinn hefði sýnt þér lagið þegar þú varst yngri, hvenær byrjaðir þú að pæla í tónlist að einhverju viti?

Ég æfði í tvö ár á píanó þegar ég var lítill. Ég var ekkert rosalega duglegur að æfa mig en ég var meira fyrir það að læra bara grunninn, geta pikkað upp lög sem mér fannst skemmtileg. Síðan þegar ég flutti heim til Íslands frá Danmörku, 14 ára gamall, byrjaði ég aftur að spila á píanó og fékk fyrsta gítarinn minn. Þá svona byrjaði þetta af alvöru. Ég fíla annars bara tónlist yfir höfuð, ég hlusta t.d. mikið á klassíska tónlist og alveg yfir í rokk og ról og svona.

Þið hafið einmitt gefið út lag sem ber heitið Rock n' Roller, er sá titill lýsandi fyrir það sem þið eruð að gera í tónlistinni?

Ég myndi segja það, en auðvitað er leiðinlegt að vera fastur í einhverjum einum stíl. Tónlist býður upp á svo marga möguleika að það er leiðinlegt að vera einhæfur. Við fórum út um allar trissur, en stefnan er klárlega rokk og ról þó svo við tókum alveg ballöður inn á milli.

Eru einhverjar áhugaverðar upptökur sem þið hafið lent í á ferlinum?

Já, við höfum spilað á mörgum mjög grilluðum gígum, sérstaklega áður en Kaleo varð til. Við spiluðum t.d. í fermingu þar sem var alltaf verið að biðja okkur að lækka. Við heyrðum varla í okkur sjálfum í lokin og vorum eiginlega orðnir hálfgerð skraut þarna.

Svo var líklega það fyndnasta, síðasta vetur, þá spiluðum við fyrir Rússa sem komu héra í heim-sókn. Þeir komu á einkaþotu sem var svo stór að hún fékk ekki leyfi til að lenda á Reykjavíkflugvelli. Við vorum keyrðir langt út á land á hvítum Range Rover-jepum og máttum alls ekki vita hvert við vorum að fara, þetta var bara á leynistað. Við enduðum svo á að spila þar eitthvað pínulítið sett fyrir mjög góðan pening. Það var hins vegar frekar óþægilegt andrúmsloft þarna. Við vorum að spila bara það sem við höldum að þeir myndu vilja heyra en svo stóð „aðal-Rússinn“ reglulega upp til þess að halda ræður og þá áttum við að hætta eins og skot. Hann gaf okkur ákveðið lúkk og þá átti maður að setja allt strax á pásu. Það voru þarna DJ-ar líka sem áttu að spila á eftir okkur en þeir spiluðu á endanum ekki neitt en fengu samt helling af pening.

Hvað er það skemmtilegasta sem þið hafið verið að gera hingað til?

Við höfum farið svolítið út á land, við spiluðum meðal annars á nýrri hátíð á Ólafsfirði sem ber heitið „Ólæti“. Síðan spiluðum á Akureyri um verslun-armannahelgina, og erum einmitt að fara þangað aftur að spila á Græna hattinum núna 13. september. Það er alltaf gaman að spila úti á landi en það sem stendur upp úr hingað til er klárlega Menningarnótt, það var mjög súrrealískt og skemmtilegt að spila fyrir svona marga í einu.

Nú eruð þið fjórir greinilega búnir að vinna mjög náið saman upp á síðkastið, hvernig hefur samstarfið gengið?

Ég, Danni og Dabbi erum náttúrulega allir úr Mosó og höfum verið bestu vinir mjög lengi. Það er mjög þægilegt að vera með vinum sínum í hljóm-sveit því þá er enginn viðkvæmur fyrir því að ræða opinskátt það sem þarf að ræða. Það eru auðvitað oft skiptar skoðanir á ýmsu en við náum almennt mjög vel saman.

Þið komið úr Mosó segirðu, er mikil tónlistarmenning þarna í Pizzabæ?

Já, það er hellings tónlistarmenning þar, við höfum spilað mikið t.d. hjá Jóa á Hvíta riddaranum sem var einmitt Jóa í Pizzabæ í gamla daga. Það er nóg að gerast í Mosfellsbæ, Sigurrós eru einhverjir þaðan og síðan auðvitað Gildran í gamla daga.

Hvað er annars málið með þennan Pizzabæ?

Pizzabær var bara pizzastaður og líka eins konar samkomustaður

unglinganna í gamla daga. Þetta er Hrói Höttur í dag samt. Þetta er þarna á kjarnanum og þegar ég var í gaggó þá var alltaf farið í hádeginu upp í Pizzabæ og fengið sér brauðstangir eða kryddbrauð. Jóa á Hvíta riddaranum var á þessum tíma kallaður Jóa Kryddbrauð.

Hefur þú búið alla tíð í Kryddbrauðsþorpinu eða voru einhverjir flutningar inni á milli?

Ég bjó í Danmörku í tvö ár en þar á undan bjó ég á Hornafirði í sex ár. Á Hornafirði gerði ég ekki annað en að spila fótbolta enda kannski ekki mikið annað að gera. Það er reyndar gaman að segja frá því að síðasta laugardag vorum við heiðursgestir á bæjarhátíðinni í Mosfellsbæ á leik Aftureldingar og Sindra. Sindri er einmitt frá Hornafirði þannig að maður kannast við marga í báðum liðum, en ég spilaði með Aftureldingu þegar ég flutti heim í Mosó.

Hann er getinn á Hawaii og orðið Kaleo þýðir „the sound“ á hawaii-ísku.

Félagar þínir í Kaleo sögðu mér frá skemmtilegu atviki sem þú lentir í með Jónasi Sig og ritvélunum, þú minntist ekkert á það herna áðan.

Já úff, ég lenti í hræðilegu atviki þegar við vorum að spila á Hressó einhvertímann, ætli það hafi ekki bara verið á Airwaves í fyrra. Staðurinn var alveg pakkaður, en við vorum búnir að spila og ég sat á borði við hliðina á sviðinu. Ég ætlaði síðan að klifra einhvernveginn yfir borðið en gerði hins vegar þau mistök að ýta í loftið þannig að borðið hvöfðist og ég steiptist á hljómborðsleikarann, nánast bara jarðaði hann þarna á sviðinu. Þeir hættu að spila í smástund og allur salurinn tók eftir þessu. Ég er síðan þarna eins og fábjani allt kvöldið að biðja hann afsökunar. Þegar tónleikarnir eru búnir þá fer ég aftur að biðja hann afsökunar og sé að hann er bara með staf. Ég veit ekki hvort hann var að glíma við meiðsli eða eitthvað svoleiðis, en þetta var allavega ekki ákjósanlegasti meðlimurinn til þess að ýta um koll.

Hann hefur ekkert erft þetta við þig?

Ég vona ekki, ég allavega margbað hann afsökunar. Hann var hins vegar ekki sáttur, skiljanlega.

Annað sem mér fannst áhugavert er að þú ert ekki á facebook, hvernig stendur á því?

Bara eftir allt þetta Snowden-mál þá bara ... nei, nei, ég hef bara einhvernveginn aldrei verið hluti af þessari netmenningu. Hljóm-sveitin er auðvitað með Facebook og við erum virkir þar, enda frábær leið til að koma ýmsu á framfæri og auglýsa viðburði og þess háttar. Þetta hefur bara ekki höfðað til mín. Þetta hefur klárlega marga kosti en einnig einhverja galla. Það er ótrúlegt hvað sumir sjá sig knúna til að deila með öðrum á netinu, eins og t.d. hvað fólk fær sér í matinn! Þetta virðist á vissan hátt ýta undir hegóma og athyglisþörf. Einhverjir lífa ákveðnu lífi á Facebook en síðan allt öðru lífi í raunveruleikanum. Síðan er auðvitað gífurlegur tími sem fer í þetta og það er gott að nota tímann í annað. Ég spila heldur ekki mikið tölvuleiki nema þá að sjálfsögðu FIFA með félögnum!

Átt þú einhverjar fyrirmyndir í tónlist?

Íslensk tónlist í dag er auðvitað ótrúlega fram-arlega, en ég persónulega hlusta mjög mikið á tónlist svona frá 50's og upp í 70's og sæki mikinn innblástur þaðan. Ég hlusta nánast bara á Gullbylgjuna þegar ég er heima og í bílunum. Fyrirmyndirnar eru óteljandi en algjörir uppáhaldslistamenn eru m.a. Ray Charles, Otis Redding, Bítarnir, síðan Led Zeppelin, The Who og allt þetta þar aðeins á eftir. Í rauninni bara tónlist áður en hún varð commercial-fyrirbæri, eins og hún er svolítið í dag.

Í hvað fer svo veturinn hjá ykkur?

Hann fer bara alfarið í tónlistina, við stefnum á að gefa út plötu fyrir júl og verðum bara að vinna á fullu í henni. Við erum með gott efni og við viljum skila því frá okkur eins vel og það á skilið. Svo er auðvitað Airwaves, við erum ON venue í ár þannig að við erum komnir aðeins lengra en í fyrra. Síðan langar okkur bara að koma sem mest fram, við teljum að góðir tónlistarmenn verði bara betri með æfingunni. Við erum svolítið Live band og hvetjum alla sem hafa heyrt í okkur til þess að koma á tónleika og vera hluti af þessu með okkur. Fá þetta beint í æð!

Kemur þessi nýja plata til með að vera meira á ensku eða íslensku?

Hún verður að miklu leyti á ensku, en ég hef

JÖKULL Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 200390.

Fyrirmynd: Jesú.

Það leiðinlegasta sem ég

geri: Að taka til eða raða

hlutum.

Það skemmtilegasta sem ég

geri: Að spila tónlist.

Það sem ég geri til þess að

slaka á: Ég geri vel við mig,

læt kannski renna í heitt bað.



reyndar mikið verið spurður hvort við ætlum ekki að taka annað gamalt lag og gera það upp eins og við gerðum með Vor í Vaglaskógi.

Stendur það til?

Það eru auðvitað einhver lög sem maður hefur mikið dálæti á úr íslenskrri tónlistarsögu en það er alls ekkert sjálfsagt að maður tengi við þau eins og ég gerði við Vor í Vaglaskógi. Textinn þar er líka rosalega fallegur, það er gaman að heyra góð íslensk lög með fallegum texta.

Pællir þú mikið í textum?

Ég lít auðvitað fyrst og fremst á mig sem tónlistarmann þegar ég er að semja, þannig að tónlistin kemur venjulega fyrst og textinn á eftir. Textinn kemur líka stundum bara til þín og stundum ekki, það er svolítið „random“, eins og líklega gerist hjá rithöfundum. Svo er þetta að vissu leyti öðruvísi þegar maður er að semja á ensku, sem er náttúrulega ekki móðurmálið. Íslendingar eru samt mjög framarlega í ensku miðað við önnur lönd, maður er búinn að alast upp við að horfa á þætti á ensku og svona þannig að þetta liggur ágætlega fyrir manni.

Eruð þið að stefna á einhverja útrás með efnið ykkar?

Við höfum mikinn áhuga á því, við erum búnir að fá fína spilun í Bretlandi á Rock' n Roller og fórum í viðtal þar. Það væri ótrúlega gaman að geta farið út til Bretlands eða eitthvert annað í Evrópu kannski eftir júl þegar platan er komin út og við erum búnir að fylgja henni svolítið eftir. Þetta verður bara að

Svo stóð „aðal Rússinn“ reglulega upp til þess að halda ræður og þá áttum við að hætta eins og skot

fá að koma í ljós, en við teljum að mikið af okkar tónlist höfði að vissu leyti til útlendinga jafnt sem fólks hérna heima, enda mikið sungið á ensku.

Lítið þið á tónlistina sem framtíðarstarf?

Ég held að við höfum allir það mikinn áhuga og ástríðu fyrir því sem við erum að gera að enginn okkar myndi fúlsa við því að starfa sem tónlistarmaður. Maður veit samt aldrei hvað gerist og við þökkum bara fyrir það meðan vel gengur. Persónulega hef ég allavega klárlega áhuga á að vera í þessu áfram.

Hvar sérð þú þig eftir 10 ár?

Ég get í raun og veru bara vonað að ég verði kominn ennþá lengra en í dag, verði búinn að gera eitthvað af tónlist sem ég verð ánægður með og get verið stoltur af. Ég hugsa þetta ekkert í of mörgum skrefum fram í tímann. Eins og er hef ég allavega nóg að gera og það er margt sem mig langar að gera í tónlistinni og næ vonandi að fylgja eftir.

SMÁA LETRIÐ

UPPÁHALDS

Uppáhaldsmatur: Nautalund.

Uppáhaldshljómsveitarmeðlimur: Ég get ekki gert upp á milli barnanna minna.

Uppáhaldslag þessa stundina: T-rex eru í upphaldi þessa dagana. Annaðhvort Get it on eða 20th century boy.

Uppáhaldskvikmynd: Margar góðar. Shawshank Redemption er ofarlega, eða þá einhver með Jack Nicholson.



ANNADHVORT EÐA?

KFC eða Hvíti riddarinn? Hvíti riddarinn.

Bítarnir eða Rolling Stones? THE BEATLES!

Davíð eða Daníel? Rúbín.

Heimur án tónlistar eða heimur án nautalundar? Hvað væri heimur án tónlistar?



TÓNLIST

Lagið sem ég syng í sturtunni: My Way með Frank Sinatra eða Time to say goodbye með Andrea Bocelli.

Lagið sem kemur mér í gott skap: James Brown - I feel good.

Nostalgiulagið? Eitthvað úr Disney-myndunum.

Lagið fyrir svefninn? Chopin - Nocturne in E Flat Major.

Guilty pleasure-lagið? Glæðasti hundur í heimi.





Fáðu þér síma sem skilur þig



Snjallsími sem skilur íslensku

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is



Samsung
GALAXY S4



@sirenasig Steinþór og Laddi nettir og veel tanaðir #myworkisfun



@monitormynd #Colgate #Kaleo



@bjoggi BHC vs. HSV



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Steindi og Laddi greinilega búnir að tana sig í drasl og Simmi Davíð sprækur á skæpinu. Það er alltaf líf og fjör á Insta.

Ert þú í Instahring Monitor? Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@hallgrimurpa #monitormynd



@emiliaa17 #valdís #monitormynd



@sindrij #beikon #pykkara



@tommithedog #relax #puppy #monitormynd



@doriice



@aslaugarna Ekkert nema eðlilegt að taka Google Hangout með forsætisráðherranum #primeminister #aljazeera #live #AJstream

FOCUS

Nýi orkudrykkurinn...
þessi öfluggi án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis

Fæst í helstu apótekum, brokkoli.is



Hefði líklega endað

Emiliana Torrini hefur lengi verið ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar. Hún hefur trónað á toppi þýska vinsældalistans í níu vikur samfleytt, flutt lokalagið í Hringadróttinssögu og sungið í ítölskum fjallaþorpum. Nýjasta plata hennar, **Tookah**, kemur út þann 9. september næstkomandi.

Nú hefur þú ekki verið eins mikið í sviðsljósinu upp á síðkastið og þú varst áður, hvað hefur drífið á daga þína?

Ýmislegt, en fyrst og fremst er ég bara búin að vera að semja plötu, eiga barn og lifa lífinu.

Hvað liggur á bakvið nafnið á nýju plötunni?

Úff, ég er eiginlega komin í smá vandræði með þetta. Yfirleitt semjum við þannig að við improviserum rosalega mikið. Þarna vorum við að semja svona danstónlist eða elektróníska tónlist, og Tookah var í rauninni bara þannig lag þó það hafi breyst síðan. Við gerðum Tookah og Speed of Dark eiginlega sama daginn. „Tookah“ er algjörlega frumsamið orð en ég tengdi einhvernvegin ótrúlega mikið við það, þetta var svona blissful og tengdi á sama stað og þegar allt er í lagi, allt mjög gentil. Þetta varð að svona kjarnapælingum. Maður fæðist með þennan kjarna sem er alltaf alveg eins, áður en lífið skreytir mann eins og jólatré með öllu dótinu sínu. Þá getur maður tapað þessum kjarna rosalega mikið. Þegar ég eignaðist strákinn minn var svo eins og ég færi í eins konar hring, aftur í þennan kjarna. Tookah varð síðan nafn þessa kjarna.

Hvaðan kemur innblásturinn að þessari plötu, hefur hún verið lengi í bígerð?

Það breytist allt þegar maður eignast barn og allt í einu er eins og ekkert annað skipti máli, þetta er næstum eins og að byrja alveg upp á nýtt. Þegar strákurinn minn var orðinn um níu mánaða gamall fór ég að gefa mér 2 daga í viku til þess að skrifa og semja lög. Elsta lagið á plötunni er alveg fjögurra ára, þannig að þetta hefur verið í gangi í talsverðan tíma. Ætli þetta hafi ekki tekið tvö ár alveg, sem betur fer eiginlega. Platan er mikið ferðalag fyrir mig, textarnir eiga sína sögu, taktarnir eiga sína sögu og það er alls konar landslag í lögnum. Platan fór fyrst almennilega á skrið þegar mér var sagt að ég væri ekki tilbúin í að gera plötu og ætti bara að slappa af.

Það hefur svona togað þig af stað?

Já, þá fórum við í stúdíó og gerðum danslögin okkar. Maður var í sjálfu sér ekki búinn að gera neitt nema að vera heima með barnið, sem var auðvitað guðdómlegt, en ég þurfti bara að fara og hrista sjálfa mig og dansa svolítið. Við fórum þarna í stúdíóið og gerðum danslög og dönsuðum.

Hvernig var að eignast barn og taka því aðeins rólega í tónlistinni?

Ég var náttúrulega búin að vera á tónleikaferðalagi í tvö ár þannig að það var alveg ótrúlega gott að fá smá frí og vera heima, þetta var alveg æðislegur tími.

Hvað er strákurinn þinn gamall, er hann byrjaður að þenja röddina eitthvað?

Hann er þriggja ára og já, sú rödd er í góðri æfingu. Uppáhalds lagið hans þessa stundina er These Boots Are Made for Walkin'! Ég lofaði mér því að hafa aldrei barnalög í gangi í bilnum, heldur bý ég til mikið af „mixteipum“ fyrir hann. Ég ætla mér allavega að vera einræðisherra með tónlistina fyrir hann þar til hann getur farið að ráða sér sjálfur.

Nú er pabbi þinn ítalskur, ert þú mikill ítali í þér?

Já, ég hef mjög sterka ítalska hlið í þér og fann það alveg þegar ég var að alast herna upp. Það er bara allt, maturinn auðvitað og matarmenningin öll. Svo voru samskiptin svolítið öðruvísi, þetta var allt svo formlegt herna á Íslandi, þabbar að taka í höndina á sonum sínum og svona. Hjá pabba voru þetta bara faðmlög og knús. En það voru auðvitað meiri læti, það var alveg rifist og gengið svolítið í hlutina.

Hefur þú verið eitthvað að spila úti á Ítalíu?

Já, ég hef spilað nokkur mjög falleg gígg þar. Þetta er oft svolítið kúltúral, maður er að spila uppi á fjalli í einhverju þorpi og svo safnast bara að fullt af fólki. Það er ótrúlega gaman að spila við þannig aðstæður. Svo er ég líka í miklu sambandi við ítölsku fjölskylduna mína í Þýskalandi. Pabbi átti mjög mörg systkini og flutti ásamt þremur bræðrum sínum til Þýskalands eftir stríðið þegar engin vinna var í boði á Ítalíu.

Eru einhverjir listamenn sem þú leist mikið upp til í uppvextinum?

Þeir eru alveg gríðarlega margir. Ég elskaði alltaf Leonard Cohen og ætlaði að giftast honum. Síðan var þetta bara allt milli himins og jarðar. Dinah Washington, Jefferson Airplane, Public Enemy og síðan fer það í þungarokk og svo framvegis. Ég fór í gegnum allt, herbergjið mitt breyttist í hverjum mánuði, fór úr dökkgrænu með gylltum grískum súlum yfir í það að ég var búin að teikna á veggina og gekk bara í svörtu með hundaól, rauðan varalit og hvít í framan. Þetta var alveg eðlilegt í mínum hóp, við vorum bara svona. Einu sinni vorum við hip-hopparar með klukku í húfunni, svo var maður komin í skosku pilsin með hárið út um allt. Ég breyttist í hverjum mánuði liggur við.

Einu sinni vorum við hip-hopparar með klukku í húfunni, svo var maður kominn í skosku pilsin með hárið út um allt.

Hvernig voru uppvaxtarárin herna heima, hvar gekkst þú í skóla?

Ég ólst upp í Kópavogi. Þar lá leiðin í Kársnesskóla, Þinghól og svo MK, ég var ekkert að flækja þetta. Ég byrjaði í kórnum í Kársnesskóla átta eða níu ára, hann var mjög góður og þar veitti Þórunn Björnsdóttir mér mikinn innblástur. Hún á stóran þátt í minni tónlist og fékk mig meðal annars til að syngja einsöng þó ég væri alltaf hálf hrædd og stressuð.

Þú hefur semsagt verið feimin á þessum tíma?

Já, ég var rosalega feimin. Ég tók helst ekki þátt í neinu þó ég væri alveg að deylla úr löngun að taka þátt í leikritinu og því sem var að gerast. Þórunn dró mig svolítið út og það var hún sem kom með þá hugmynd að ég færi í söngskólann. Svo voru allir að spyrja mig hvort ég ætlaði ekki að fara í óperuna fyrst ég væri nú ítölsk, eins og það þyrfti eitthvað að tengjast. Ég hélt allavega að þar gæti ég kannski svona tengst mínum rötum þannig að ég fór þarna út í óperuskóla. Síðan fór ég í prufur til þess að vera í Hárinu og byrjaði í hljómsveit og þá fór þetta að rúlla.

Hafðir þú einhvern áhuga á óperu?

Já algjörlega, ég átti alveg safn af klassískri tónlist þegar ég var krakki og hafði mikinn áhuga á henni. Því flóknari verk sem við fengum að syngja í kórnum því betra, ég alveg elskaði það.

Hugsaðir þú þér einhvern tímann að fara út í óperu frekar en það sem þú ert að gera í dag?

Já, alveg allan tímann meðan ég var að læra. Svo þegar ég var átján ára tók Þuríður Pálsdóttir, sem var kennarinn minn þá, mig á teppið og sagði mér að fara að taka ákvörðun. Röddin á mér var þarna að breytast og hún eiginlega sagði mér frekar að fara í annað. Það var heldur ekki nógu mikil fjölbreytni fyrir mig í óperu á þessum tíma, ég var voða mikið að syngja bara sömu aríurnar aftur og aftur. Mér leiðist voðalega hratt þannig að ég þurfti meiri fjölbreytni.

Þú varst síðan uppgötvuð af manni frá One Little Indian, hvernig kom það til?

Ég man ekki alveg hvernig þetta var, hann bara sá mig syngja á einhverjum veitingastað. Ég var voðalega mikið í því á sínum tíma. Hann í rauninni bara sá mig og það mikið að koma út og semja tónlist. Ég hafði fyrst ekki áhuga á að semja tónlist, ég vildi bara fá lög og syngja. Þetta varð þess vegna erfitt til að byrja með. Mér fannst mjög gaman að semja plötuna mína, Love in the Time of Science, en það var á sama tíma mjög erfitt. Ég lagði mjög mikla pressu á sjálfa mig þarna og það var eiginlega ekki fyrr en við gerðum Fisherman's Woman sem ég fór virkilega að elska það að semja tónlist.

Þú gafst síðan út lagið „Jungle Drum“ á næstu plötu og það gerði hreinlega allt vitlaust, komu þessar vinsældir þér á óvart?

Já auðvitað. Við vorum líka búin að vinna plötuna rosalega mikið og þetta var alveg að enda allt saman. Síðan fer lagið í gang í einhverjum sjónvarpsþætti og þá springa bara allar símalínur og það varð allt vitlaust. Ef maður fór til Þýskalands þá komst maður hvergi án þess að heyra þetta, og lagið var þar í níu vikur á toppnum. Eitt það skemmtilegasta sem ég hef lent í var þegar ég sá túbuleikara á bjórhatíðinni í Þýskalandi spila Jungle Drum og það voru bara allir að syngja með.

Lýsti þetta lag þínum tilfinningum á þessum tíma?

Já, við sömdum þetta lag líka á svona tíu mínútum. Þetta er bara ástarlag, ég var nýbúin að hitta manninn minn sem ég á núna barn með og það var allt í gangi. Mér fannst þetta æði en það átti ekkert að fara á plötuna til að byrja með.

Þetta var hins vegar ekki það fyrsta sem þú gerðir sem vakti alþjóðlega athygli, þú söngst lokalagið í annarri mynd Hringadróttinssögu, hvernig fékkst þú það verkefni?

Það var umboðsmaður Liz Fraiser sem hafði látið tónlistarpróduðsentinn fá plötuna mína. Hann hlustaði á mig og boðaði mig á fund. Þar sagði hann mér að ég væri ekki að fara að fá þetta en ég mætti samt endilega koma og prófa að syngja lagið. Ég sagði bara já vegna þess að ég var alltaf mikill aðdáandi bókana þegar ég var unglingur, ég átti meira að segja svona kort uppi á vegg! Síðan bara endaði þetta einhvernvegin þannig að ég fékk verkefnið.

Í kringum þann tíma sem Fisherman's Woman kom út var búin til Birgittu Haukdal dúkka, sem varð mjög vinsæl. Finnst þér ekkert vera kominn tími á Emilíönu Torrini dúkku?

(Hlær) Ég veit ekki hver myndi kaupa hana! Nei takk, ég held að ég sé alveg góð án þess.

Hvað værir þú að gera ef þú hefðir ekki farið út í tónlist, hvert var draumastarfið í æsku?

Ég átti ekkert draumadjobb, vissi aldrei hvað mig langaði að gera. Ég ætlaði alltaf að verða bara einhver orustuflugmaður, án þess að vita neitt hvað það væri. Reyndar ætlaði ég að verða rithöfundur þegar ég var krakki, skrifaði heilar þrjár bækur þegar ég var níu ára. Annars ætlaði ég bara að vera að fljúga loftbelgum og gera eitthvað allt öðruvísi. Ætli ég hefði ekki farið að ferðast um heiminn og orðið einhvers konar eilífðar túristi. Ég hefði kannski haldið áfram að skrifa líka, ég hugsa oft um þetta og hef í rauninni ekki hugmynd hvað ég væri að gera. Tónlistin er það eina sem ég í rauninni kann smá.

Hvað er annars á döfinni núna í tengslum við nýju plötuna?

Fyrst og fremst mikil vinna, Airwaves og svo held ég örugglega einhverja tónleika herna heima. Ég fer svo í tónleikaferðalög, eitthvað um Evrópu til að byrja með og svo kannski Ameríku. Þetta kemur bara í ljós allt saman.

sem eilífðar túristi

EMILÍANA TORRINI

Fyrstu sex: 160577

Lagið sem ég syng í sturtunni:

I'm sticking with u með velvet underground.

Það sem kemur mér fram úr á morgnana: „MAAAAMMAAA!?!“

Leyndur hæfileiki: Er ótrúlega góð í fúsball, hef meira að segja grætt svoltinn pening á því í gegnum tíðina.

Undanfarið hefur borið mikið á kvenmannsnafninu Mollý í íslensku skemmtanalífi. Þar er þó ekki um að ræða nýjustu djammdrottningu borgarinnar því Mollý þessi er ekki manneskja heldur eiturlyfið MDMA. Mollý, sem dregur nafns sitt af orðinu „molecule“ (ísl. sameind), hefur verið tíður gestur í poppmenningu samtímans og við undirbúning þessarar úttektar fékk Monitor að heyra ýmsar og afar ólíkar sögur af upplifunum og afleiðingum notkunar á MDMA.

Á þessum síðum leitast **Monitor** við að kynna lesendur sína fyrir **Mollý** frá hinum ýmsu sjónarhornum en að því sögðu er rétt að árétta að það er rík ástæða fyrir því að vímuefni á við MDMA eru nefnd eiturlyf.



HVER ER ÞE



Dægurflugan Mollý

Ein af ástæðunum fyrir vinsældum MDMA kann að vera hversu oft Mollý skýtur upp í tengslum við rapp og popptónlist.

Nýjasta plata poppdívunnar Madonna, MDNA, vísar bæði í nafn söngkonunnar og vímuefnið og á tónleikum sínum á tónlistarhátíðinni Ultra Music Festival í Miami 2012 spurði hún áhorfendaskarann hvort einhver hefði séð Mollý.

Rapparin Trinidad James skaust upp á stjörnuhimininn með lagi sínu „All Gold Everything“ en það var textabrotið „popped a Molly, I'm sweatin“ sem varð einkenni lagsins í heild sinni. Lagið varð fljótt gríðarlega vinsælt í Bandaríkjunum og meðal annars náðist myndband af NBA-stjörnunni LeBron James að syngja með textabrotinu fyrir leik.

Íslenskir rapparar láta ekki sitt eftir liggja og í laginu „Þú veist“ rappar Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem Blaz Roca um að „crewíð“ sitt á skemmtistaðnum Dolly sé á Mollý á meðan hann lætur sér rommið duga.

Eitt nýlegasta dæmið um að Mollý sé fagnað í poppheiminum er í texta nýjasta lags fyrrum Disney-stjörunnar Miley Cyrus sem virðist staðráðin í að losa sig við heilsteypta ímynd sína. Í viðlagi „We can't stop“ segir greinilega „La-da-di-da-di, we like to party, Dancing with Molly“ þó svo að ungstímið haldi því fram að hún segist dansa með Miley.

Það er ekki að undra að Miley reyni að bera textann til baka þar sem vinsældum Mollý í poppmenningu nútímans hefur ekki verið tekið vel af þeim sem berjast gegn vímuefnanotkun.

Rapparin Rick Ross vakti mikla hneykslan með rappi sínu í laginu U.O.E.N.O þar sem hann segist hafa sett Mollý í kampavín grandalausrar stúlku sem hann hafði síðan tekið með sér heim. Rick Ross þurfti að að biðjast afsökunar á textanum sem augljóslega fjallaði um nauðgun en meðal annars missti hann samning sinn við íþróttavörufyrirtækið Reebok vegna hans.

Raftónlistarmaðurinn Deadmau5 sakaði Madonna um að notfæra sér neikvæða anga af menningu ungs fólks til þess að reyna að tengjast þeim. Madonna svaraði því til að hún hefði aðeins verið að vísa í lag um stúlku sem heitir Mollý.

Síðast en ekki síst má nefna að í laginu „Tom Ford“ safneitar rapparinn Jay-Z tengslum við MDMA með textabrotinu „I don't pop Molly, I rock Tom Ford“. Með orðum sínum gefur Jay-Z í skyn að alvöru töffarar neyti ekki eiturlyfja heldur gangi í dýrum jakkafötum. Eflaust þarf ekki að vera beint orsakasamhengi þar á milli en Tom Ford hefur sagt að honum finnist það dásamlegt að Jay-Z komist í vímu af fötunum hans.

„So la da di da di, we like to party Dancing with Molly Doing whatever we want“
We can't Stop
– Miley Cyrus

„Somethin' 'bout Mary she gone off that Molly“
Mercy - Kanye West

„Popped a Molly, I'm sweatin“
All Gold Everything
– Trinidad James

„Put Molly all in her champagne, she ain't even know it“
U.O.E.N.O – Rocko ft. Rick Ross & Future

„Hi, I'm looking Molly I've been searching everywhere“
Molly – Tyga ft. Wiz Khalifa

„Pop a Molly, smoke a blunt, that mean I'm a high roller“
Roman Reloaded
– Nicki Minaj ft. Lil Wayne

„Hollíð mitt á Dolly all inn á Molly. Bent firar í tonni en ég dett bara í rommið“
Þú veist – XXX Rottweiler

„I don't pop Molly, I rock Tom Ford“
Tom Ford – Jay - Z

Hvað er Molly?

Molly er slangur yfir eiturflyfjandi MDMA (methylendioxyamfetamín) sem er virka efnið í E-töflum. Í E-töflum er MDMA yfirleitt blandað við önnur efni en Molly er notað fyrir efnið eitt og sér. MDMA dregur fram upplifun af aukinni orku, alsælu, tilfinningalegrar hlýju og nándar við aðra brenglun á skynhrifum og tímaskynjun. Molly er yfirleitt gleypt eða blandað við vökva og getur verið í töfluformi, hylki eða litid út eins og kristall. Áhrif þess endast í þrá til sex tíma í senn.

FÍKNIEFNIÐ MOLLY

Er Molly ávanabindandi?

Rannsóknir á vanabindandi eiginleikum MDMA hafa sýnt mismunandi niðurstöður en sumir neytendur efnisins hafa gert grein fyrir einkennum fíknar, þar á meðal áframhaldandi notkun þrátt fyrir vitund um líkamlegan eða sálfræðilegan skaða, stærri skammtaþörf og fráhrarfseinkenni. Þau taugaboðkerfi sem MDMA virkjar eru þau sömu og önnur

ávanabindandi eiturflyfjandi. Tilraunir sýna að dýr sækja í MDMA sjálfviljug og þykir það gefa sterkar vísbendingar um ávanabindandi eiginleika þess.

Hvaða áhrif hefur Molly á heilann?

MDMA eykur virkni taugaboðefna, serótóníns, dópamíns og noradrenalíns. Tilfinningaleg áhrif MDMA eiga sér líklega beint eða óbeint stað þegar miklu magni af serótóníni er sleppt út í líkamann. Serótónín hefur áhrif á lundarfar, matarlyst og svefn og hrindir einnig af stað losun hormónanna oxytósín og vasopressín sem spila mikilvægt hlutverk þegar kemur að ást, trausti, kynferðislegri örvin og öðrum félagslegum upplifunum. Þetta getur útskýrt þær einkenni upplifunar af tilfinningalegru nánd og hluttekningu sem lýfið veldur en tilraunir á bæði rottum og mönnum hafa sýnt fram á að MDMA eykur magn þessa hormóna í líkamanum. Sú skyndilega aukning af serótóníni

sem MDMA veldur gengur á birgðir líkamans af þessu mikilvæga taugaboðefni sem veldur slæmum eftirköstum svo sem þunglyndi, fátí, svefnvandráðum, lyfjaprá og kvíða. Þessi eftirköst geta gert vart við sig stuttu eftir neyslu eiturflyfsins eða dögum og jafnvel vikum síðar.

Fólk sem notar MDMA í miklum mæli hefur upplifað marga þessara kvilla til lengri tíma og þar að auki athyglis- og minnisvandamál en hugsanlegt er að einhver af þeim áhrifum komi til vegna notkunar annarra efna ásamt MDMA og þá sérstaklega marjúana.

Hvaða önnur áhrif hefur Molly á líkamann?

MDMA getur haft áhrif á þekk þeim sem önnur örvandi lyf á við kókaín og amfetamín hafa á líkamann. Þar má nefna hraðari hjartslátt og hærri blóþrýsting sem er sérlega hættulegt fólk sem glímir við hjarta sjúkdóma. Neytendur MDMA gætu einnig upplifað önnur einkenni eins og vöðvaspennu, ósjálfráða gnístan tanna, ógleði, óskýra sjón, örmögnun, kuldahroll eða svitaköst.

Í stórum skömmtum getur MDMA truflað hæfni líkamans til að hafa stjórn á líkamshita. Í sjaldgæfum en ófyrirsjáanlegum tilvikum getur þetta leitt til skyndilegrar hækkunar á líkamshita sem getur valdið bilun í lifur, nýrum eða blóðrásarkerfi líkamans og jafnvel leitt til dauða. MDMA getur truflað meltingu efnisins sjálfs og valdið því að skaðlegt magn þess safnast saman í líkamanum ef þess er neytt oft á stuttu tímabili.

Auk þeirrar hættu sem fylgir neyslu MDMA er mikilvægt að muna að önnur hættuleg eiturflyfjandi eru oft seld undir fölskum formerkjum sem MDMA eða blandað við MDMA en þar á meðal má nefna baðsölt, ketamín, kókaín og rottu-eitur. Hættan sem skapast við neyslu slíkra eiturflyfja er ófyrirsjáanleg. Neysla á MDMA samhliða áfengisneyslu og notkunar á marjúana setur neytendann einnig í enn meiri hættu gagnvart skaðlegum áhrifum vímuefnanna.

Heimildir: National Institute on Drug Abuse, www.drugabuse.com.

ESSI MOLLY?



Er heppinn að vera á lífi

Monitor spjallaði við nokkra einstaklinga sem höfðu prófað Molly og einn af þeim var ung manneskja sem slasaðist lífshættulega eftir neyslu á lyfinu í bland við áfengi. Viðkomandi man lítið sem ekkert eftir því hvernig slysið bar að og segist heppinn að vera á lífi en það blæddi inn á heila viðkomandi við slysið. Viðkomandi hefur ekki neytt MDMA síðan og segist hafa hugsað sinn gang þegar hann vaknaði á spítala.

„Ég prófaði þetta í fyrsta skipti þar síðasta sumar og það var eiginlega óvart. Þetta var í teiti sem ég var í eftir bæinn þar sem einhver var að bjóða. Maður gerði þetta svolítið í blindni og ég vissi ekkert hvað þetta var,“ sagði viðkomandi í samtali við Monitor. Hann hafði prófað Molly nokkrum sinnum áður og líkað vel en telur þó ljóst að áhrif efnisins séu ekki eins góð og þau kunna að virðast í fyrstu. „Þetta steikir auðvitað örugglega á manni heilann og allt það en ég held líka að það slæma við þetta sé að maður verður fljótt háður þessu. Það er enginn sem segir „Nei, nú er ég búin að prófa þetta“ og hættir svo bara.“

Tónlistarhátíð aflýst

Síðustu helgi var lokadegi Electric Zoo tónlistarhátíðarinnar í New York aflýst vegna andláts tveggja tónleikagesta. Hin látnu hétu Jeffrey Russ, sem var 23 ára, og Olivia Rotondo, sem var tvítug. Rotondo mun hafa sagt starfsfólki hátíðarinnar að hún hafi tekið sex skammta af Molly, stuttu áður en hún fékk krampa og missti meðvitund. Russ og Rotondo þekktust ekki og dóu ekki af nákvæmlega sömu orsökum en einnig er talið að MDMA hafi komið við sögu í andláti Russ. Fjórir aðrir hátíðargestir voru lagðir inn á spítala vegna eiturflyfjanotkunar áður en að hátíðin var blásin af.



„Meira svona ástandsfíkn“

Monitor vildi kanna allar hliðar MDMA og það þurfti ekki mörg símtöl til að finna einstakling sem hafði prófað efnið og var tilbúinn að lýsa sinni upplifun fyrir lesendum. Viðmælandi Monitor er ungur maður sem fæstir myndu flokka sem einhverskonar óreglumann við fyrstu sýn. Hann er háskólagenginn og á vinnumarkaði en þegar hann fer á djammí notar hann að jafnaði MDMA, betur þekkt sem Molly, til að komast í vímu.



MOLLY Í KRISTALLSFORMI

Afhverju byrjaðir þú að nota Molly?

Ég bara veit það ekki, ég hafði heyrt góða hluti um þetta. Ég hef prófað eiginlega allt og aldrei fundið nein spes áhrif. Ég hef lesið mér til og horft á heimildarmyndir um flest öll eiturflyf. Mér fannst E-pillur alltaf hljóma rosalega illa og svo heyrði ég talað um að þetta virka efni væri skárri af því að þetta væri ekki blandað við neitt annað stöf. Svo ég spurði félagá mína út í þetta og þeir mæltu með þessu.

Hvenær prófaðir þú efnið fyrst?

Bara í sumar, ég hef gert þetta nokkrum sinnum í sumar þegar ég er úti að skemmta mér og svona.

Myndirðu flokka sjálfan þig sem dópista?

Þetta er svona meira eins og að fá sér steik á laugardögum, tríta sig þú veist.

Ókei, en hvað kostar þá hvert svona „trít“?

Sko, grammíð er svona 25 (þúsund) „give or take“ en það dugar alveg í svona tíu til fimm skammta.

Hvernig færðu þetta afhent? eru þetta viðskipti við skuggalega gæja með „zip-lock“ poka eins og í bíomýndunum?

Ég hef nú alltaf bara mætt til dílersins og hann bara brýtur þetta niður. Þetta er svona kristall, bara svona bolti og stundum er bara duft eftir af honum en yfirleitt eru þetta svona harðir kögglar sem hann setur í plastfilmu.

Hvernig neytir maður Molly?

Þetta er bara gleypt. Mér finnst það eitthvað huggulegra en að taka í nós. Það sem ég flá líka við þetta er að maður verður ekkert mjög dýpaður, það sést voða lítið á manni. Þetta er ekki eins og áfengi eða kókaín af því að maður missir ekki jafn mikilvæga kontról. Það er örugglega soldið persónubundið hversu lengi víman endist. Þetta eru kannski svona tveir tímar og eftir það

ferðu að dempast smá niður. Eftir fjóra tíma fer maður kannski að sofa upp í rúmi og þá þykir manni líka rosalega vænt um rúmið.

En hvað gerist þá þegar maður fer í vímu af Molly?

Fyrsta korteríð er eiginlega svona hjúpur í kringum mann sem er voða þægilegt og manni finnst allt bara rosalega næs. Ég hef aldrei prófað að sofa hjá á þessu en ég hef heyrt að það sé geðveikt. Það er ekki það að maður verði graður heldur er öll snerting svo þægileg og manni þykir svo vænt um alla á þessu. Daginn eftir að ég prófaði þetta efni hugsaði ég einmitt um hvað það hefði verið mikil væntumþykja í mér og að mig langaði eiginlega til þess að vera meira svona eins og ég var á Molly.

Ertu ekki hræddur við það að sambærilegar reynslur í raunheiminum blikni þá í samburði?

Ég hugsa að þetta sé einmitt ekki svona líkamleg fíkn eins og áfengi og kókaín heldur meira svona ástandsfíkn. „Afhverju ætti ég að fara út, ef ég get farið út og líðið svona,“ hugsar maður kannski. Ég er ánægður að hafa ekki kynnst þessu 18 ára sko, að hafa getað skemmt mér án þess einu sinni.

Sérðu fyrir þér að þú munir hætta að taka Molly eða er þetta eitthvað sem mun fylgja þér héðan af?

Það væri alveg gaman að eiga þetta uppi í skáp og draga fram í partíum og með konunni, eins og rauðvín eða eitthvað. Það er í rauninni miður þar sem ég hef eiginlega frekar verið á vímuefnalausa vængnum og ekkert notað að staðaldri. Ég hef bara ekki fundið ástæðu til að hætta enn þá. Það væri kannski helst ef ég væri hættur að geta farið að skemmta mér án Molly, þá færi maður að hugsa sinn gang.

„This one time, at band camp..“
American Pie

KVIKMYND

Leitin að betra lífi

Það hefur lengi vel þótt móðins að gera kvikmyndir sem eiga sér stað í fjarlægri framtíð og hafa margir hverjir reynt það með misgóðum árangri. Nýjasta spilið úr þessum bunka er Elysium sem segir frá útvöldum hópi fólks sem býr á hálfgerðri útöpiu fyrir utan jörðina. Þar geta milljarðamæringar notið lífsins í vellystingum á meðan allir aðrir þurfa að búa á jörðinni sem er að rústum komin. Elysium segir frá afbrotamanninum Max (Matt Damon) sem slasast í vinnuslysi og er tilbúinn að gera allt til að komast á Elysium í leit að lækningu. Það reynist honum erfitt þar sem varnarmálaráðherra útöpiunnar, Delacourt (Jodie Foster), gerir allt sem í hennar valdi stendur til að stöðva flóttafólk í leit að betra lífi.



útfærð á mjög skemmtilegan máta. Á bakvið stýrið er leikstjórinn Neil Blomkamp sem þreytti frumraun sína á hvíta tjaldinu með hinni stórkostlega District 9. Þó svo að þessi nýjasta kvikmynd hans sé ekki alveg í sama klassa þá er hún engu að síður reglulega skemmtileg og ber sterkan keim af handbragði hans sem virðist einkennast af mögnuðum tæknibrellum og reglulega illskettum „vonda kalli“.

Leikararnir skila allir sínu vel en má þar nefna ofangreinda Matt Damon, Jodie Foster og Diego Luna. Lang, langbestur er þó Suður-Afríkubúinn Sharlto Copley. Hér endurnýjar hann kynni sín við leikstjóran, en í staðinn fyrir að leika söguhetjuna eins og í District 9 er hann illmennið í þetta skiptið. Geðveikin og illskan skín gjörsamlega úr augunum hans og hugsaði ég oft á meðan kvikmyndinni stóð hversu ömurlengt það væri að lenda í sama herbergi og þessi maður.

Elysium er kannski ekki að finna upp hjólið en hún er að betrumbæta það.



Þessi hugmynd að kvikmynd er ekkert endilega ný af nálinni en hún er

ELYSIUM

HJÁLMAR KARLSSON



TÖLVULEIKUR



Diablo III



Tegund: Hasar- og hlutverkaleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Actisision
Dómar:
9 af 10 – Gametiví
9,3 af 10 – Game Informer
9 af 10 – Eurogamer.net


Djöfullinn sjálfur

Nú hefur heldur betur hlaupið á snærið hjá eigendum leikjatölva því sjálfur Diablo III er mættur í öllu sínu veldi, en þessi leikur er einn sá söluhæsti á PC-tölvurnar og því magnað að þetta dýr skuli detta núna inn af fullum krafti á PlayStation 3 og Xbox 360. Söguþráður leiksins er svo sem ekkert magnað ritverk sem á eftir að lifa af fleiri kynslóðir, en hann þjónar leiknum vel, en hann gengur í raun út á að drepa allt sem fyrir er og hreinsa svæðið af djöflum og alls kyns kvikindum.



ganga frá þeim. Á milli bardaga geta leikmenn svo djúsað upp persónuna sem þeir stýra og ákveðið hvernig vopnum hún skal vera búin.

Leikmenn geta spilað Diablo III einir og sér, en aðalfjórðið liggur í að spila leikinn í co-op, en þar geta allt að fjórir leikmenn barist saman hlið við hlið á einum og sama skjánum. Þannig að Diablo III er sannkallaður „kaldur á kantinum“-leikur sem er frábært að spila í hóp.



Grafíkin í leiknum er stórgóð og ljóst að yfirfærslan frá PC hefur tekist mjög vel og leikurinn aðlagður leikjavélunum af mikilli nákvæmni. Það er því óhætt að mæla sterklega með Diablo III, en

leikurinn stenst allar væntingar og er einhver hreinasta skemmtun sem undirritaður hefur dottið í og hefur hann þó dansað við djöfullinn í fjölmörg ár.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON



FRUMSÝNING HELGARINNAR

One Direction: This is Us

Aðdáendur hljómsveitarinnar One Direction hafa ærið tilefni til að gleðjast því tónleika- og heimildarmynd um sveitina verður frumsýnd á föstudaginn.

One Direction: This is Us er vönduð heimildarmynd í 3D eftir Íslandsvininn Morgan Spurlock um eina vinsælustu hljómsveit heims. Áhorfendur fá að njóta stórbrotinna upptaka af tónleikum ásamt því að saga sveitarinnar er rakin allt frá því að Simon Cowell spyrti saman þá Niall, Zayn, Liam, Harry og Louis í X-Factor sjónvarpsþáttinum þar sem þeir slógu í gegn.

Leikstjóri: Morgan Spurlock
Aðalhlutverk: Meðlimir One Direction
Hvar: Smárabíói, Háskólabíói og Borgarabíói Akureyri.
Aldurstakmark: Öllum leyfð
Lengd: 92 mínútur.

Morgan Spurlock fékk óheftan aðgang að hljómsveitinni og er óhætt að lofa því að aðdáendur fá hér að komast nær meðlimum hennar en nokkru sinni áður.

Miklu færri komust að en vildu þegar myndin var sýnd á sérstakri heimsforsýningu hérlendis fyrir skömmu síðan, í beinni frá London, því smekktullt var á sýninguna í tveimur söllum og stemningin í Smárabíói engri lík.



Hver er mamman?

Þann 23. september hefst ný þáttaröð sem ætlað er að vera lokahnykkur í sögunni af hvernig því hvernig sögumaðurinn Ted kynntist barnsmóður sinni í How I Met Your Mother. Við þurfum enn að bíða eftir að fá að kynna barnsmóðurinn en vert er að fræðast um leikkonuna Cristin Milioti strax í dag.
• Á síðasta ári var hún tilnefnd til Tony verðlaunanna fyrir leik sinn í söngleikum Once.

- Hún hefur einnig komið fram í gamanþáttunum 30 Rock sem „Sexy baby“
- Hún var næstum handtekin fyrir ölvun við akstur við tókur á HIMYM.
- Hún hóf leiklistarnám við New York Háskóla en hætti fjótlega.
- Fyrsta launaða rullan hennar var í The Sopranos.
- Hún er ekki á Facebook eða Twitter og heldur sig í raun eins langt frá Internetinu og hún kemst.
- Hún var fastakúnni á barnum sem



uppáhaldsbar aðalpersónanna í HIMYM er byggður á.

Lumia 925 á frábæru tilboði

Öflugur Nokia snjallsími á einstöku tilboðsverði.

Skoðu Lumia 925 í næstu verslun Vodafone.

Góð samskipti bæta lífið

vodafone.is

Nokia Lumia 925

Tilboðsverð 94.990 kr.

Almennt verð 109.990 kr.

HOLLUSTUSKAMMTUR AF VATNI OG VELLÍÐAN ▶



▶ Án BPA (bisfenóls A)

CAMELBAK® EDDY™

Drekktu nóg og hugsaðu um umhverfið í leiðinni. Skiptu yfir í margnota eddy™ drykkjarbrúsana. Bitstútur sem ekki lekur úr stuðlar að því að þú drekkur meira. BPA fríu brúsarnir úr eddy™ línunni sjá þér fyrir hollustu og vökva í dagsins önn.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [CAMELBAK.COM/EDDY](https://www.camelbak.com/eddy)

▶ SVÖNG? FÁÐU ÞÉR VATN.
HUNGURTILFINNING ER OFT
EKKERT ANNAÐ EN ÞORSTI.

CAMELBAK®
GOT YOUR BAK

Síminn, Spotify og þú

🔊 🔗 Diamonds

Rihanna

3:45

Dagný Brynjarsdóttir | Knattspyrnukona

| | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>300</p> <p>3.490 kr./mán.</p> <p>300 mín. 300 SMS 300 MB</p> | <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>500</p> <p>4.990 kr./mán.</p> <p>500 mín. 500 SMS 500 MB</p> |
| <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1000</p> <p>7.990 kr./mán.</p> <p>1000 mín. 1000 SMS 1000 MB 3G aukakort í 12 mán.</p> | <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1500</p> <p>10.990 kr./mán.</p> <p>1500 mín. 1500 SMS 1500 MB 3G aukakort í 12 mán.</p> |

Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samningi.